

Alþingi - Iðnaðarnefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 3. maí 2011

Tilvísun: UST20110400104/sdk

Frumvarp til laga um breytingu á vatnalögum nr. 15/1923, með síðari breytingum, og lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, með síðari breytingum.

Vísað er í bréf frá Iðnaðarnefnd Alþingis, dags. 15. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um vatnalög og rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu (tímalengd nýtingarleyfa og forgangsréttur), 720. mál.

Með frumvarpinu eru lagðar fram breytingar sem snúa að heimildum opinberra aðila til að veita tímabundinn afnotarétt að vatnsafls- og jarðhitaréttindum. Lagt er til að ríki, sveitarfélögum og félögum í þeirra eigu verði heimilt að veita tímabundið afnotarétt að vatnsréttindum til allt að 40 ára frá því að orkuvinnsla hefst og jarðhitaréttindum til allt að 30 ára, í stað 65 ára í senn eins og nágildandi vatnalög og auðlindalög gera ráð fyrir.

Í 3. mgr. 1. gr. laga um náttúruvernd, sem Umhverfisstofnun vinnur m.a. eftir, segir að löginn eiga að stuðla að vernd og nýtingu auðlinda á grundvelli sjálfbærrar þróunar. Í Velferð til framtíðar (2002), Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, Stefnumörkun til 2020 segir um sjálfbæra þróun: *Sjálfbær þróun hefur þrjár megin stoðir: efnahagsvöxt, félagslega velferð og jöfnud og vernd umhverfisins*. Lög um náttúruvernd og stefnumörkun um sjálfbæra þróun taka því tillit til þess að hagsmunir almennings og þar með umhverfisins séu m.a. hafðir að leiðarljósi við nýtingu auðlinda. Þetta kemur m.a. fram í ákvæðum um almannarétt sem tryggja almenningu aðgang og nýtingu á náttúru landsins eftir ákveðnum reglum. Önnur lög sem Umhverfisstofnun vinnur samkvæmt, svo sem lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, eiga að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi. Umhverfisstofnun vinnur einnig samkvæmt lögum um stjórn vatnamála, en markmið þeirra er skv. 1. gr. að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er þeim lögum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímaþvernd vatnsauðlindarinnar.

Umhverfisstofnun telur að með framangreindu frumvarpi til laga sé meira tillit tekið til almannahagsmuna, þ.m.t. umhverfishagsmuna. Með því að stytta leigutíma á auðlindum í opinberri eigu næst betri stjórnun og öflugra eftirlit með auðlindum. Samkvæmt ákvæði hins

nýja frumvarps verður nú betur en áður hægt að bregðast við breyttum eða óvæntum aðstæðum með möguleikum til endurskoðunar á leyfistíma varðandi auðlindir í jörðu, sbr. b-lið 2. gr., og ákvæðum þar sem gert er ráð fyrir að við áframhaldandi nýtingu skuli gera nýjan samning en ekki aðeins framlengja gildandi samning.

Í umsögn Umhverfisstofnunar frá 7. apríl sl. um frumvarp til breytinga á vatnalögum, 561. mál, var lögð til ný málsgrein í 17. gr. frumvarpsins: „Ef sýnt er fram á með gögnum að umhverfismarkmið, sett á grundvelli laga um stjórn vatnamála, náist ekki er í sérstökum tilvikum heimilt að endurskoða leyfi eða setja ný skilyrði vegna umhverfismarkmiða. Við ákvörðunina skal líta til þess hvaða áhrif breytingin hefur á hagsmuni leyfishafa og til ávinnings og óhagræðis sem hún ylli að öðru leyti.“ Leggur Umhverfisstofnun einnig til að þessi málsgrein verði tekin upp hér í nýrri málsgrein við 2. gr. laganna, sbr. 1. gr. frumvarps.

Frumvarpið fellur að öðru leyti vel að stefnumörkun um sjálfbæra þróun/nýtingu ásamt löggjöf um verndun vatns.

Virðingarfyllst



Kristján Geirsson
Deildarstjóri



Svanfríður Dóra Karlsdóttir
lögfræðingur